

Nd. 69. Frumvarp til laga

um ölgerð og sölumeðferð öls.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Steingrímur Steinþórsson, Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

Öl, sem hefur undir 1,8% af áfengi að vigt, telst óáfengt, en sterkara öl telst áfengt.

2. gr.

Um leyfi til ölgerðar og sölu öls, sem ekki telst áfengt, fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. En leyfi til áfengrar ölgerðar getur fjármálaráðherra veitt til 10 ára í senn gegn 40000 kr. gjaldi, sem rennur í rikissjóð. Þó má eigi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar það er fullgerjað.

3. gr.

Um gjald af óáfengu öli fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Af áfengu öli greiðist í rikissjóð kr. 1.50 af hverjum lítra, sem framleiddur er til sölu innanlands, en 10 aurar af því, sem út er flutt.

5. gr.

Þeim, er hlotið hafa leyfi til framleiðslu áfengs öls samkvæmt 2. gr., er heimil sala á því til einstakra manna, verzlana og opinberra veitingastaða, þó eigi minna í senn en sem nemur 25 ½flöskum.

6. gr.

Fyrirmæli laga um innlendar tollvörutegundir gilda að öllu öðru leyti um hið áfenga öl, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Ákvæði annarra laga, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

8. gr.

Tekjum þeim, sem ríkissjóður hefur af sölu áfengs öls, skal fyrst um sinn varið til þess að byggja og reka fullkomin fjórðungssjúkrahús í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Enn fremur til þess að koma upp sjúkraskýlum og læknisbústöðum í sveitum og kaptúnum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að leyfð verði bruggun létts, áfengs öls hér á landi.

Tilgangur flutningsmanna með því er tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að draga úr hinni miklu neyzlu sterkra drykkja og í öðru lagi að afla ríkissjóði tekna til framkvæmda í aðkallandi menningarmálum. Bruggun slíks öls er nú talin sjálfsögð og eðlileg í flestum löndum. Með þeim þjóðum, sem við Íslendingar höfum mest skipti við og teljum okkur skyldastar, Norðurlandþjóðunum, Þjóðverjum og Englendingum, stendur þessi iðnaður á gömlum merg, og framleiðsla hans nýtur mikilla vinsælda. Öli er þar skipað á bekk með sjálfsögðum neyzluvörum. Ölvun og drykkjuskapur af völdum þess þekkist trauðla. Er það af öllum, sem til þekkja, álitid, að þessar þjóðir umgangist áfengi með meiri siðmenningarbrag en við Íslendingar.

Skilyrði til ölgerðar eru af kunnáttumönnum talin óvenju góð hér á landi. Skiptir í því sambandi miklu máli, hversu hreint og gott vatn er hér nærtækt. Erlent hráefni til ölgerðar, malt, humlar og öllitur, er ekki dýrt. Sú gjaldeyriseyðsla, sem leiddi af innkaupum þess, yrði auðveldlega unnin upp í útflutningi ölsins. Sjálfsgagt virðist, að hið erlenda starfslið Keflavíkurflugvallarins kaupi hið íslenska öl, meðan það er hér, og yrði þá tekið fyrir hinn óviðfelldna innflutning þess á þessum vörum. Á styrjaldarárunum brugguðu Íslendingar áfengt öl fyrir hið erlenda herlið, sem hér dvaldi. Þótti það góð vara, og féll hinum ölvönu útflutningum vel í geð. En sala á því var ekki leyfð til Íslendinga sjálfra. Líklegt má telja, að Íslendingar geti fljótlega, eftir að þeir hafa hafið ölgerð, hafið útflutning á þessari framleiðslu. Yrði það nýr liður í útflutningsverzlun þjóðarinnar og líklegur til þess að skapa henni nokkrar gjaldeyrstekjur, ef til vill verulegar, er tímar liða.

Í frv. er lagt til, að ekki megi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar ölið sé fullgerjað. Er það í samræmi við hliðstæð ákvæði annars staðar, að áfengismagnið er miðað við vigt, en ekki rúmtak.

Leyfisgjaldið þótti flm. hæfilega ákveðið 40 þús. kr., en eru þó reiðubúnir til þess að ræða það atriði nánar.

Um tekjur ríkissjóðs af slíkri ölgerð er ekki gott að fullyrða fyrirfram. En líklegt má telja, að þær muni verða allmiklar. Í frv. er lagt til, að af hverjum lítra, sem seldur er innanlands, greiðist kr. 1.50 í ríkissjóð, en 10 aurar af hverjum lítra útfluttum.

Í frv. er lagt til, að tekjum ríkissjóðs af sölu áfengs öls verði fyrst um sinn varið til þess að koma upp og reka fullkomin fjórðungssjúkrahús í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Á undanförunum þingum hafa verið uppi tillögur um fjárveitingu til slíkra stofnana, en framkvæmdir hafa strandað á féleysi ríkissjóðs. Hér er um merkilegt heilbrigðismál að ræða, sem illa þolir, að dragist enn á langinn. En engar líkur eru til, að ríkissjóður eigi hægra með að sinna því nú eða næstu ár en á undanförunu nægtatímabili. Þá er lagt til, að bygging sjúkraskýla og læknisbústaða í sveitum og kaptúnum verði styrkt með þessum nýju tekjum ríkissjóðs. Í mörgum sveitum og kaptúnum er bygging slíkra húsa aðkallandi nauðsyn. Ríkissjóður hefur nú tekið að sér að byggja embættishúsnæði yfir

héraðsdómara, hæstaréttardómara og presta. Ber áreiðanlega ekki minni nauðsyn til þess, að hann byggji yfir héraðslækna og skapi þeim aðstöðu til þess að hafa sjúklinga sína hjá sér.

Það er fyllilega í samræmi við anda þessa frv., að lagt er til, að tekjur ríkissjóðs af því, ef að lögum verður, renni til stuðnings við heilbrigðis- og menningar- mál. Það er í senn menningar- og heilbrigðismál, að Íslendingar dragi úr hinni óhóf- legu neyzlu sterkra drykkja. Hún er þjóðinni til vansæmdar og tjóns. Hver einasti maður, sem hugsar vill öfgalaust um þessi mál, veit, að sala léttis, áfengs öls mundi draga úr brennivinsdrykkjunni. Það, sem gerðist, yrði fyrst og fremst það, að þjóðin drykki meira af meinlausu öli, en minna af hættulegu og heilsuspillandi nautnalyfi.

Íslendingar fara illa með vín. Það er staðreynd, sem ekki verður gengið á snið við, því miður. En þeir munu halda áfram að gera það, ef ekkert er gert til þess að skapa aukna umgengnismenningu á þessu sviði. Framleiðsla og sala góðs öls í land- inu sjálfu er tilraun til umbóta. Sú tilraun er ekkert fálm út í loftið. Reynsla fjöl- margra menningarþjóða hefur sannað árangur hennar. Þess vegna verður að vænta þess, að þessu frv. verði tekið af skilningi á því mikla vandamáli, sem það miðar að umbótum á.